



Yfirferð skipulagsfulltrúa

Gátlisti fyrir yfirferð skipulagsfulltrúa á aðalskipulagsgögnum áður en þau eru send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Hér á eftir eru sett fram þau atriði sem fara þarf yfir áður en aðalskipulagsgögn eru lögð fram í Skipulagsgátt til staðfestingar til að tryggja bæði gæði gagna og skilvirkni við afgreiðslu mála.

SAMRÁÐ

- ☐ Óskað hefur verið eftir umsögnum lögbundinna umsagnaraðila, s.s. Vegagerðar, Heilbrigðiseftirlits, Náttúruverndarstofnunar, Minjastofnunar, Veðurstofu, Náttúrufræðistofnunar, Fiskistofu o.fl. eftir því sem við á.
- ☐ Haft hefur verið samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu, búsetta innan og utan sveitarfélagsins, við vinnslu tillögunnar.
- ☐ Leitað hefur verið eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar og/eða svæðisráðs, eftir því sem við á.
- ☐ Leitað hefur verið eftir umsögn nágrannasveitarfélags (ef svæðið liggur að mörkum sveitarfélaga).

AÐALSKIPULAG LAGT FRAM TIL STAÐFESTINGAR Í SKIPULAGSGÁTT

- ☐ Upplýsingar um kynningartíma koma fram.
- ☐ Endanleg skipulagsgögn (uppdráttur og greinargerð) með breytingum, ef það á við.
- ☐ Afrit af fundargerð sveitarstjórnar með upplýsingum um málsmeðferð skv. skipulagslögum og dagsetning samþykktar eftir auglýsingu í nefndum.
- ☐ Umfjöllun um afgreiðslu í nefndum og viðbrögð við athugasemdum/umsögnum (ef við á).
- ☐ Samantekt á viðbrögðum sveitarstjórnar við athugasemdum/umsögnum ef við á (sé hún ekki í fyrri fasa í Skipulagsgátt).
- ☐ Afrit af auglýsingum þ.m.t. í Lögbirtingi.
- ☐ Afrit af auglýsingu um niðurstöðu sveitarstjórnar, hafi borist athugasemdir.
- ☐ Stafræn gögn (ef þau hafa ekki verið lögð fram í fyrri fasa og eru óbreytt).
- ☐ Önnur fylgiskjöl eftir því sem við á s.s forsendugreiningar og skýringaruppdrættir.
- ☐ Málið er tengt við samsvarandi deiliskipulag/deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið samhliða (ef við á).